

váru þeir efniligir menn ok þá frumvaxta maðr.<sup>1</sup> Svá er sagt frá Gunnlaugi, at hann var snimmendis bráðgörr, mikill ok sterkr, ljósjarpr á hár, ok fór allvel, svarteygr ok nokkut nefljótr ok skapfelligr í andliti, miðmjór ok herðimikill, kominn á sik manna bezt, hávaðamaðr mikill í öllu skaplyndi ok framgjarn snimmendis ok við allt óvæginn ok harðr ok skáld mikit ok heldr niðskár ok kallaðr Gunnlaugr ormstunga.<sup>2</sup> Hermundr var þeira vinsælli ok hafði höfðingjabragð á sér. Ok er Gunnlaugr var tólf<sup>3</sup> vetra gamall, bað hann föður sinn farar-efna, ok kvazk hann vilja fara útan ok sjá sið annarra manna. Illugi bóndi tók því seinliga, kvað hann eigi mundu þykkja góðan í útlöndum, er hann þóttisk trautt mega semja hann þar heima, sem hann vildi.<sup>4</sup> Ok einn- hvern morgin var þat, allitlu síðar, at Illugi bóndi gekk út snimma ok sá, at útibúr hans var opit, ok váru lagð- ir út vörusekkar nokkurir á hlaðit sex<sup>5</sup> ok þar lénur með;<sup>6</sup> hann undraðisk þetta mjök. Þar gekk þá at maðr ok leiddi fjögur hross, ok var þar Gunnlaugr, sonr hans, ok mælti: „Ek hefi sekkana út lagit,“ segir hann. Illugi spurði, hví hann gerði svá. Hann sagði, at þat skyldi vera fararefni hans. Illugi mælti: „Engi ráð skalt þú taka af mér ok fara hvergi, fyrr en ek vil,“ ok kippði inn aptr vörusekkunum. Gunnlaugr reið þá í brott þaðan ok kom um kveldit ofan til Borgar, ok bauð

<sup>1</sup> *maðr* sl. 557.

<sup>2</sup> Gunnlaugur hefir erft viðurnefni sitt frá langafa sínum samnefndum og væntanlega þá eiginleika, sem nafnið bendir til. Lýsing sögunnar á Gunnlaugi minnir í mörgum atriðum á lýsingu Hallfreðar vandræðaskálds í Hallfreðar s., 2. kap.

<sup>3</sup> Svo 18; *fimmtán* 557. Sjá um þetta form. § 7.

<sup>4</sup> Þetta minnir á undirtektir þær, er Egill Skalla-Grímsson fékk hjá Þórólfi, bróður sínum, er hann beiddi hann að flytja sig útan, Egils s., 102.

<sup>5</sup> á að gizka sex sekkir með vaðmáli (*vara*: vaðmál), sbr.: „hann (Freyfaxi) veltisk nokkurum tólf sinnum“, Hrafnk. s., 5. kap.

<sup>6</sup> *lénur*: dýnur og meljur í reiðingi, sbr. Ísl. þjóðhættir, bls. 71.